

<b>Titill</b>	<b>Kór</b>
<b>Námsgrein</b>	Kór
<b>Viðfangsefni</b>	Almennur kórsöngur og framkoma
<b>Skammstöfun</b>	KÓRA1AA02
<b>Prep</b>	
<b>Einingafjöldi</b>	
<b>Lýsing</b>	Nemandi fær úthlutað námsefni af kórstjóra er hæfir viðfangsefninu. Nemanda ber að kaupa kórmöppu. Viðfangsefnin eru margbreytileg en fastur liður á hverri önn er a.m.k. einir tónleikar auk söngs við brautskráningu. Mikilvægt er að kórfélagar geri sér grein fyrir því að það hvílir ábyrgð á herðum þeirra að stunda kórin jafnt og þétt alla önnina. Nemendur verða að vera tilbúnir í að sinna verkefnum utan skólatíma, s.s. tónleikahald, æfingabúðir, fjáröflunarstarf, aukaæfingar o.fl.
<b>Forkröfur</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Að efla söngkunnáttu nemandans</li> <li>- Að styrkja félagsfærni nemandans og samvinnu</li> <li>- Að þjálfa nemandann í framkomu við ólík tækifæri</li> <li>- Að nemandinn kynnist fjölmörgum ítölskum hugtökum í tónlist</li> <li>- Að kynna fyrir nemendum íslenskan tónlistararf í formi þjóðlaga</li> <li>-Að þjálfast í flutningi á tónlist úr ólíkum stíltegundum s.s. djass þjóðlagatónlist, klassík, kirkjutónlist, popptónlist o.fl.</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-söng og framkomu</li> <li>-nánu samstarfi og samvinnu</li> <li>-félagsfærni og ábyrgð</li> <li>-greina og flytja tónlist af ólíkum stíl og uppruna</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-meta gæði söngmenntar</li> <li>-öðlast þekkingu á kórstarfi</li> <li>-áframhaldandi söngnám eða kórstarf</li> <li>-atvinnumennsku í tónlist</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	Til að standast önnina verður ástundun að hafa verið til fyrirmyndar, þ.e. raunmæting má ekki fara undir 80% og ætlast er til að nemandi mæti á allar upptökur kórsins innan skóla sem utan. Séu ofangreind skilyrði uppfyllt fær nemandi aukaeiningu. Og til að standast kóraáfangan þarf að mæta við brautskráningu í lok hverrar annar.